



Austurlandi, 17. janúar 2020

Átakshópur um eflingu innviða
Benedikt Árnason, formaður

Efni: Greinargerð til átakshóps í samræmi við beiðni senda til SSA.

Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi barst erindi um að skila greinargerð til átakshóps um innviði. Meðfylgjandi greinargerð er ekki tæmandi upptalning á öllum þeim þáttum og úrbótum sem nauðsynlegt er að ráðast í til að tryggja öryggi íbúa á Austurlandi. Byggir hún á þeim upplýsingum sem safnað hefur verið saman af Austurbrú, í samráði við framkvæmdaráð SSA sem og sveitastjóra á Austurlandi, á þeim stutta tíma sem gafst við vinnsluna. Frekari upplýsingar um áherslur landshlutans í mörgum málefnum sem tengjast innviðum Austurlands má sjá í ályktunum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem samþykktar voru á haustþingi sambandsins þann 11. – 12. október 2019 og nálgast má á meðfylgjandi hlekk:

https://ssa.is/images/alyktanir_haustthings_ssa_2019.pdf

Greingargerðin er sett fram á grundvelli þeirra sjö þátta sem fram komu í erindinu:

1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.

Óveðrið sem kom yfir landið um miðjan desember var ekki eins slæmt á Austurlandi og víðast hvar annars staðar á landinu. Rafmagn fór af stórum hluta fjórðungsins, allt frá Vopnafirði og suður fyrir Hornafjörð, þegar Fljótsdalslína 2 gaf sig. Það varði þó á flestum stöðum í stutta stund. Ekki var annað að sjá en þau fyrirtæki og stofnanir sem reka innviði hafi verið eins tilbúin fyrir slíkt óveður og þau gátu. Mannaflí og búnaður var færður til Norðurlands þar sem meiri þörf var en sá tilflutningur var ekki ákveðinn fyrr en ljóst var að Austurland myndi sleppa vel frá veðrinu.

Úr greinargerð lögreglunnar til Austurbrúar.

Daginn fyrir óveðrið, þriðjudaginn 10. desember, var aðgerðastjórn kölluð saman á Eskifirði annars vegar og á Egilsstöðum hins vegar. Boðaðir voru m.a. bæjarstjórar Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs, fulltrúar slökkviliðs, Landsbjargar, Vegagerðar, héraðslæknis og Rauða krossins. Erindið var að samræma aðgerðir daginn eftir í ljósi veðurspár sem var slæm. Þá var upplýsingapóstur um veðurspá og

fyrirhugaðar aðgerðir á vegum aðgerðastjórnar sendur öðrum sveitarstjórum í umdæmi lögreglustjóra. Nokkrir slíkir póstar voru sendir eftir því sem aðgerðum og veðri vatt fram, sem og upplýsingapóstar til fjölmiðla að kvöldi 10. desember og daginn eftir.

Í bítíð þann 11. desember var aðgerðastjórn virkjuð á Eskifirði og Egilsstöðum en veður átti þá að fara versnandi samkvæmt veðurspá. Ekki reyndi á aðgerðarstjórnina að þessu sinni, utan hvað Landsbjargarmenn fengu nokkur smærri útköll. Það helsta var á Borgarfirði eystri þar sem flæddi sjór að og inn í hús. Tjón var nokkuð en engin slys urðu á fólki.

Það er mat lögreglu að viðbragðsaðilar, Almannavarnarnefnd og þeir er að aðgerðastjórn koma – og samspil þeirra á milli – hafi gengið prýðilega og hnökralaust. Það er og mat lögreglu að allir aðilar, stofnanir, félagasamtök og viðbragðsaðilar hafi verið tilbúnir til aðgerða í samræmi við það hlutverk er þeir hafa við þessar aðstæður.

Á Austurlandi er nú í gangi vinna við að koma á samráðshópi viðbragðsaðila. Slíkt fyrirkomulag hefur virkað vel á Höfn í Hornafirði. Fyrirhugað er að koma á vettvangi þar sem allir viðbragðsaðilar fjórðungsins hittast og ræða sín á milli m.a. hvar úrbóta er þörf. Markmið slíks hóps væri fjórþætt: Að efla samstarf, auka samráð lykilaðila, auka upplýsingaflæði og hafa áhrif á störf viðbragðsaðila.

2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og þær sem sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

Undanfarin misseri hafa varaafilstöðvar verið aflagðar í fjórðungnum. Almennt hafa menn leitast við að hafa tryggt varaafli á endastöðvum, þ.e. stöðum þar sem er bara ein tenging inn á svæðið en svo er ekki alls staðar. Hér á eftir verður tiltækt varaafli útlistað út frá sveitarfélögunum í fjórðungnum.

- **Vopnafjörður:** Öflugt varaafli sem dugir bæði þétt- og dreifbýli.
- **Borgarfjörður:** Öflugt varaafli sem dugir bæði þétt- og dreifbýli.
- **Seyðisfjörður:** Varaafilstöð upp á 600 kw. Þyrfti að vera talsvert stærri. Dugir varla til að sjá bænum fyrir rafmagni eða kyndingu.
- **Fjarðabyggð:**
 - **Mjóifjörður:** Varaafli til staðar.
 - **Neskaupsstaður:** Öflugt varaafli sem dugar bæði fyrir þétt- og dreifbýli en myndi þarfnast skömmtnar ef fiskvinnsla væri í gangi. Vatnsveitur í Fannardal hafa sjálfstæða varaafilstöð, sem og Umdæmissjúkrahús Austurlands.
 - **Eskifjörður:** Ekkert varaafli.
 - **Reyðarfjörður:** Varaafli á kyndingu íþróttahúss, leik- og grunnskóla.
 - **Fáskrúðsfjörður:** Ein rafstöð sem er notuð þegar rafsamband rofnar frá Reyðarfirði til að aðstoða raflínuna úr suðri. Hægt að nota hana í neyð á einhverjum tilteknum stað.

- **Stöðvarfjörður:** Ekkert varaafli.
- **Breiðdalsvík:** Ekkert varaafli.
- **Fljótsdalur:** Fljótsdalsstöð hefur varaafli, annað ekki.
- **Djúpivogur:** Ekkert varaafli.
- **Fljótsdalshérað:** Varaafli er til staðar í aðgerðarstöð, húsakynnum Rarik, flugvelli og heilsugæslu. Varaafli er til staðar á dælum hitaveitunnar en þó tæplega nógu mikið. Ekki er varaafli á hjúkrunaheimilinu Dyngju.

Óveðrið opinberaði mikilvægi þess að hafa varaafli. Ástandið er misgott innan fjórðungsins og á fullmörgum stöðum er ekkert tiltækt varaafli. Eðlilegt væri að slík svæði, sem og svæði þar sem sérfræðipækkingu á rafkerfi og mannafla skortir til að bregðast við með bilunum, væru sett í forgang.

Það er algjört lágmark að í hverjum þéttbýliskjarna sé varaafli á heilsugæslu (sé hún til staðar) og skilgreindri fjöldahjálparstöð. Æskilegast væri þó að allir nauðsynlegir innviðir hefðu aðgang að varaafli.

Á Austurlandi eru um 20 kúabú. Gróft mat bendir til að um helmingur þeirra hafi aðgang að einhvers konar varaafli. Æskilegt væri að koma á jákvæðum hvötum fyrir kúabændur til að þeir sjái sér enn frekari hag í því að koma á varaafli fyrir sína framleiðslu.

Á stöðum þar sem stærri togarar komast að bryggju er mikilvægt að koma á góðum landtengingum þar sem togarnir gætu verið notaðir sem öflugar ljósavélar og þannig tryggt varaafli. Þá þarf einnig að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja varaafsstöðvum aðgang að eldsneyti í langvarandi rafmagnsleysi.

Skoða þyrfti hvort æskilegt væri að koma á reglum um endingu á varaafli í fjarskiptakerfum en engar slíkar reglur eru til.

3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.

Rafmagnslaust varð á öllu Austurlandi þegar Fljótsdalslína 2 bilaði. Flest þau kerfi sem eru hér til skoðunar eru orðin háð raforkukerfinu á einhvern hátt og eru misvel undir það búin að takast á við rafmagnsleysi.

Hitaveita/húskynding

- Hitaveita Egilsstaða og Fella notast við rafmagnsdælur til að dæla heitu vatni úr borholum. Varaafli er til staðar þegar rafmagn fer en það þarf að efla þar sem það ræður varla við stærð dælanna.
- Hitaveita Eskifjarðar notast við rafmagn til að dæla vatni en því til viðbótar er dæla við hvert íbúðarhús sem dælir vatninu inn í húsin. Ekkert varaafli til staðar.
- Á köldum svæðum fjórðungsins eru hús kynnt með rafmagni.

Vatnsveita

Víða um fjórðunginn eru vatnsveitur háðar rafmagni og notast þá við dælur þar sem vatnsprýstingur er ekki nógu mikill til að það renni af sjálfsdáðum. Þar sem varaafli er til staðar koma ekki upp vandamál en þó eru nokkrir staðir sem myndu að lokum missa aðgang að vatni í langvarandi rafmagnsleysi, t.d. talsverður hluti sveitabæja á úthéraði.

Fjarskiptakerfi

Fjarskiptakerfið á Austurlandi líkt og annars staðar er algerlega háð aðgengi að rafmagni. Frá Bakkafirði að Höfn eru um 110-120 fjarskiptastaðir. Langflestir fjarskiptasendar hafa þó varaafli í formi rafgeyma og þola því rafmagnsleysi einhverja stund. Það fer að einhverju leyti eftir staðsetningu og mikilvægi hversu lengi þeir þola rafmagnsleysi. Farsímasendar Símans eiga t.a.m. að endast í 4-6 klst en lengja má líftíma rafgeyma þeirra með því að slökkva á útsendingum um 4G kerfið. GSM samband á Austurlandi er þó víða alls kostar óásættanlegt.

Neyðarlínan rekur Tetra-talstöðvarkerfið. Tetra-samband er víða stopult í fjórðungnum en sendar þess eiga að hafa varaafli í 24 klst. Tetra samband datt að einhverju leyti út vegna bilana í sendi í Skriðdal. Þess ber að geta að Tetra-kerfið reiðir sig einnig á ljósleiðara- eða örbylgjutenginu til að geta talað saman á milli senda. Ef slíkar tengingar eru ekki til staðar verður t.d. aðgerðastjórnun björgunaraðgerða erfiðari.

4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, s.s. mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur?

Mannafla og tækjakostur

Eitt af því sem óveðrið leiddi í ljós var að mannafla og búnað vantaði til að bregðast við á Norðurlandi og víðar á landsbyggðinni. Á Austurlandi var veður skárar og því reyndi ekki eins mikið á þessa þætti. Búnaður og mannafla var fluttur frá Austurlandi (sem og öðrum stöðum) til Norðurlands er ljóst var að Austurland slyppi betur frá veðrinu. Þá var ræstur út mannskapur og ýmis konar aðbúnaður frá Reykjavík sem ekki er tiltækur á landsbyggðinni. Ef veður hefði verið jafnvont um allt land hefði tækjakostur landsbyggðarinnar tæplega dugað henni.

Algengt er orðið að þegar starfsmenn opinberra stofnana sem fást við innviði (t.d. Rarik, Landsnet o.s.frv.) hætta vinnu vegna aldurs er ekki ráðinn starfskraftur í þeirra stað. Þar af leiðandi hefur slíkum starfsmönnum fækkað jafnt og þétt í fjórðungnum. Vinda þarf ofan af þessari þróun.

Ljóst má vera að útbúnaður er víða ófullnægjandi, sérstaklega á landsbyggðinni. Til að lágmarka skaða sem af því getur hlotist mætti útbúa samræmda útbúnaðar- og

útkallsskrá. Þannig mætti sjá hvaða þekking og hvaða búnaður væri til á hverjum stað. Með slíkri skrá myndi yfirsýn og skipulag verða auðveldara viðfangs.

Stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf

Þegar er óveður og rafmagnslaust getur fólk einangrast og lent í vandræðum. Félagsþjónustustarfsmenn búa oft yfir upplýsingum um viðkvæma hópa samfélagsins. Þær upplýsingar geta verið mjög mikilvægar til að tryggja öryggi íbúanna. Nauðsynlegt er að tryggja flæði slíkra upplýsinga inn til almannavarna þegar aðgerðir eru ákveðnar. Þá þarf áfallahjálp að vera tiltæk hverjum þeim sem hana kann að þurfa.

Til að auðvelda samskipti og upplýsingagjöf þarf að koma á reyki á milli dreifikerfa farsíma. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja notendum aðgengi að farsímakerfinu en jafnframt til að tryggja að hægt sé að koma skilaboðum til farsímanotanda inn á hættusvæði.

Eitt af meginhlutverkum Ríkisútvarpsins er að miðla upplýsingum við slíkar aðstæður. Tryggja þarf að Rúv komi nauðsynlegum upplýsingum á framfæri a.m.k. í gegnum langbylgju og vísi ekki um of á heimasíður eða aðra miðla sem íbúar svæðisins hafa ekki aðgang að í netsambandsleysi.

Nú orðið er afar sjaldgæft að til séu neyðarkassar á heimilum. Fræða þarf almenning um hvað þarf nauðsynlega að vera til á heimilum og hvað sé heppilegt að hafa í neyðarkassa (t.d. útvarp með rafhlöðu og langbylgju).

Til að almenningur geti sjálfur fylgst með og sótt sér upplýsingar um óveður eru sjálfvirkir mælar t.d. vindmælar mikilvægir sem og vefmyndavélar og annar búnaður sem miðlað getur upplýsingum í rauntíma. Borið hefur á því sums staðar vantar t.d. vindmæla.

5. **Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, s.s. fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.**

Eitt það mikilvægasta sem þarf að gerast á Austurlandi til að tryggja öryggi íbúa þess er að ráðast í gerð ofanflóðavarna í fjórðungnum af meiri krafti en verið hefur. Það er kannski ekki síst á Seyðisfirði þar sem úrbóta er þörf en hættumat þar leiddi í ljós að stór hluti íbúabyggðar er staðsettur á svæði í hæsta áhættuflokki vegna ofanflóða. Í Neskaupstað uppbygging snjóflóðavarna einkennst af löngum stoppum en langt er síðan lá fyrir hvaða varnir þyrfti að byggja þar upp. Einnig eru önnur svæði innan landshlutans sem eru í hættu t.d. vegna aur- krapa og vatnsflóða s.s. á Eskifjörður og Fáskrúðsfirði. Hafa ber í huga að þessu upptalning er ekki tæmandi og mikilvægt að hættumöt séu regulega yfirfarin byggt á nýjustu rannsóknum og upplýsingum. Mikilvægt er í ljósi nýjustu fréttanna að átak sé gert í þessum málum enda eru fjármunirnir til í Ofanflóðasjóði eins og margoft hefur verið bent á.

Skilgreina þarf GSM-kerfið sem neyðarnet og tryggja aðgengi að því í samræmi við það með því að fjölga sendum. GSM-samband er víða stopult í fjórðungnum og ráðast þarf í greiningu sem fyrst á því hvar úrbóta er þörf, bæði þar sem byggð er sem og meðfram öllu vegakerfi landshlutans.

Á Austurlandi varð mesta tjónið af óveðrinu í desember vegna brims á Borgarfirði eystri auk þess sem stutt er síðan að verulegt tjón varð vegna brims á Eskifirði. Meta þarf hvar sjóvarnir eru ekki nægilega öflugar til að gegna hlutverki sínu og í kjölfar þeirrar vinnu gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. að stækka sjóvarnargarða eða færa þá lengra út í sjó. Austfirsk samfélög eru mörg hver með byggð alveg niður við sjávarmál og veruleg hættu getur skapast m.a. af brimi vegna verðurofsa, sem og fljóðbylgjum sem skapast geta vegna snjóflóða eða framhlaupi í hlíðum á mótí byggð við þrönga firði. Sem dæmi má nefna að rétt utan byggðar á Eskifirði er fylgst með hlíð sem er að síga fram og ljóst að ef hún fellur í sjó fram þá geta flóðbylgjur valdið stórskaða.

Í hinum dreifðu byggðum eru sums staðar viðkvæmari rafkerfi. Koma þarf jarðstrengjum í jörð m.t.t. veikleika í kerfinu (t.d. sveitalínur víðs vegar). Efla þarf flutningskerfi raforku og er í því samhengi sérstaklega bent á eftirfarandi ályktun SSA:

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að Landsnet og Rarik styrki flutningskerfi raforku. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og skortur á orku háð atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Aðgangur að þriggja fasa rafmagni er afar mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða. Brýnt er að samnýta framkvæmdir við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í dreifbýli. Allir íbúar landsins eiga rétt á að búa við jafnan dreifikostnað raforku enda hlýtur það að teljast til grunnþjónustu.

6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Þær innviðauppbýggingar á Austurlandi sem hafa tafist hvað mest vegna stjórnsýslu eru án nokkurs vafa hvernig fyrirkomulagi hefur verið háttað hjá Ofanflóðasjóði. Hann er langt á eftir áætlun og þykir mörgum skrítið hvernig fjármunum sjóðsins er varið (eða öllu heldur ekki varið). Nýliðnir atburðir á Vestfjörðum hafa minnt okkur rækilega á mikilvægi þess að ofanflóðavarnir séu í lagi. Í þessu samhengi bendum við sérstaklega á ályktun SSA um ofanflóðavarnir:

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun svo og undirbúning frekari framkvæmda þannig að þær liggi saman. Þingið ítrekar við yfirvöld nauðsyn þess að endurskoða áhættumat ofanflóða að loknum framkvæmdum við ofanflóðavarnir á viðkomandi svæði.

Þegar kemur að innviðauppbýggingu sem augljóslega snertir almannahag, t.d. framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku, þarf að taka leyfisveitinga- og kæruferli til skoðunar og finna leiðir til að stytta það ferli í heild. Eftirfarandi er ályktun SSA um eignarhald og nýtingu á landi:

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur Alþingi og ríkisstjórn að bregðast við og móta regluverk um kaup og eignarhald á landi með viðeigandi takmörkunum sem meðal annars má finna í löggjöf nágrannalanda okkar. Nauðsynlegt er að tryggja hagsmuni íbúa landsins, sjá til þess að landnýting sé í samræmi við mikilvæga hagsmuni nærsamfélagsins og að stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, séu tryggð úrræði til að bregðast við sé gengið gegn slíkum hagsmunum.

Eitt af því sem myndi flýta fyrir slíkum framkvæmdum væri ef gefið væri út sameiginlegt framkvæmdaleyfi á framkvæmd. Öll sveitarfélög kæmu saman að borðinu vegna framkvæmdar og fengju slíkt leyfi en þyrftu ekki öll, ein og sér, að verða sér út um það. Mögulega mætti með því að auka vægi svæðisskipulags, nýta það verkfæri til að leggja styrkari grunn undir samráð og ákvarðanir sem ganga þvert á sveitarfélagamörk.

Ýmis önnur dæmi eru um að stjórnsýslan hafi staðið í vegi fyrir skynsamlegum aðgerðum. Við gerð þessarar greinargerðar voru m.a. eftirfarandi atriði nefnd til sögunnar:

- Í Berufjarðarbotni var ekki hægt að leggja ljósleiðara eða þriggja fasa rafmagn meðfram vinnu við vegagerð.
- Brösuglega gekk að fá leyfi til að leggja rafstreng gegnum Norðfjarðargöng og afleggja í kjölfarið raflínu yfir Oddskarð.
- Bændur á Hánefsstöðum í Seyðisfirði báðu um að fá að aðgang að varaafli í gegnum raflínu sem tengdi Mjóafjörð og Seyðisfjörð og var lögð yfir tún þeirra. Þeirri beiðni var hafnað.
- Illa gekk að fá lagningu ljósleiðara í Mjóafjörð vegna deilna við landeiganda á Seyðisfirði. Tafðist ferlið töluvert vegna þessara mála.
- Möguleiki er á varaafli frá Gúls – og Bjólfsvirkun á Seyðisfirði en það stendur á að samningur milli Orkuvirkjunar og Rarik verði fullgerður.

7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Algjört grundvallaratriði, til að tryggja íbúa fjórðungsins, er að tryggt verði að áhættumat Austurlands sé sívirk. Með því móti verður tryggt að nauðsynlegar viðbragðsáætlanir séu gerðar og handtækar þegar til þarf. Með það til hliðsjónar þyrfti að ráðast í gerð nýs áhættumats fyrir Austurland.

Það sem er ekki síður mikilvægt þessu tengt að regluverk um starfsemi almannavarnarnefnda verði gert skýrara og þá sérstaklega er snýr að því hvernig þær eru fjármagnaðar.

Mikilvægt er að þegar nýtt fólk kemur til starfa sem tengjast á t.d. almannavarnanefndum eða einhverjum af þeim öryggisinnviðum sem eiga að vera í landshlutanum, að það hljóti formlega þjálfun og að endurmenntun sé sinnt.

Mikilvægt er að hafa í huga að heilbrigðisþjónustu þarf að sinna í öllum veðrum og skiptir aðbúnaður og innviðir þar verulegu máli, ekki síst þegar ekki er hægt að komast með fólk til höfuðborgarsvæðisins. Austurland er hvað lengst frá meginstoð heilbrigðisþjónustu á landinu og mikilvægt að innviðir þjónustunnar í landshlutanum geti sinnt hlutverki sínu í öllum veðrum. Meðfylgjandi er ályktun SSA er snýr að eflingu heilbrigðisþjónustu á Austurlandi:

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- a) Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eft og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.*
- b) Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar.*
- c) Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum með kaupum á nauðsynlegum greiningartækjum á heilsugæslum staðsettum í nánd við sjúkraflugvelli.*

- d) Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þjónustu félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstaklinga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.
- e) Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýmum til gildandi viðmiða.
- f) Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræðilegra aðstæðna í landshlutanum.
- g) Þá ítrekar þingið fyrri kröfur um að hluti þylusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Lokaorð

Það opinberaðist í óveðrinu sem reið yfir landið í desember að víða er pottur brotinn í innviðum landsins og þá ekki síst á landsbyggðinni. Austurland slapp vel frá veðrinu í þetta skiptið en hefði veður orðið verulega slæmt er ljóst að ýmislegt hefði getað komið upp á. Við gerð þessarar greinargerðar kom margt fram sem þarfnast úrbóta og er mikil vinna framundan á vettvangi stjórnvalda að styrkja nauðsynlega innviði fjórðungsins og landsins alls til að tryggja öryggi íbúa.

Margar af þeim aðgerðum sem framkvæma þarf eru kostnaðarsamar og viðamiklar. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að í þær þarf að ráðast. Fjárhagssjónarmið verða að vera víkjandi gagnvart öryggissjónarmiðum. Undanfarin óveðurveður sem og nýleg snjóflóð á Vestfjörðum hafa minnt okkur illilega á mikilvægi þess að ganga skipulega og af festu til verks í úrbótum og uppbyggingu nauðsynlegra innviða. Ef byggð á að haldast í landinu er mikilvægt að íbúar landsbyggðana upplifi öryggi og finni það að almannahagsmunir séu hafðir í forgrunni stjórnsýslu sem og við ákvarðanir um uppbyggingu og rekstur nauðsynlegra innviða.

Austurlandi 17. janúar 2020



Einar Már Sigurðarson,
formaður SSA



Jóna Árný Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar